



Fréttabréf Bókasafns Grundarfjarðar

Starfsemi í Sögumiðstöðinni Grundarfirði 2022



Starfsemi í Sögumiðstöðinni

Hin ýmsu félagasamtök hafa nýtt sér aðstöðuna í Sögumiðstöðinni s.s. kvenfélagið með þrjónahitting á mánudögum, fundir Lions og jólatréssalan þeirra, Krabbameinsfélagið og fleiri.

Þar er fínn salur með borðum og stólum, lítilli eldhúsaðstöðu og helstu nauðsynjum. Í Bæringsstofu er myndvarpi og lítið sýningartjald sem hentar vel fyrir fyrirlestra. Opið er inn í bókasafnið og þar er notaleg setustofa.

Í gegnum tíðina hafa einnig verið haldnar myndlistasýningar af ýmsu tagi í Sögumiðstöðinni.

Hægt er að leigja salinn út fyrir fundi, fyrirlestra og litlar samkomur. Eining er hægt að fá aðstöðu í Bæringsstofu fyrir fyrirlestra eða fundi. Á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar eru nánari upplýsingar um útleigu á húsinu. Fyrirspurnum um aðstöðu fyrir viðburði og fundi er beint til bæjarskrifstofu í síma 430-8500 eða á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is.

Bókasafn Grundarfjarðar
Grundargötu 35
Sími 438 1881

Netfang: bokasafn@grundarfjordur.is.

Vefsíða: <https://www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/bokasafn>

Bókasafnið: <https://www.facebook.com/Bokasafngrundarfjarðar>

Skólabókasafnið: <https://www.facebook.com/grundobokasafn>



<https://grundarfjordur.leitir.is> - <https://leitir.is> - <https://rafbokasafnid.is> - <https://openaccess.is>

Bókasafn Grundarfjarðar

Bókasafn Grundarfjarðar er staðsett í húsi Sögumiðstöðvar á Grundargötu 35. Bókasafnið er opið allan ársins hring frá kl. 13-17, mánudag til fimmtudags. Sumarið 2022 var innleitt nýtt bókasafnskerfi, www.leitir.is og býður leitarvefurinn nú upp á beinan aðgang að safnkosti einstakra safna.¹

Um þriðjungur safnkosts er í geymslum, annar þriðjungur er í Grunnskóla Grundarfjarðar og þriðjungur á bókasafninu sem staðsett er í húsi Sögumiðstöðvarinnar og býður upp á rúm 7000 eintök af titlum. Á undanförunum árum hefur farið nokkur vinna í að grísa eldri og úreltan safnkost. Innkaup á nýju efni á almenningsbókasafninu hafa dregist saman enda færri sem nýta sér pappírseintök til lestrar eftir mikinn uppgang rafbóka undanfarin ár.

Mikill fjöldi fólks nýtir sér þægilega hlustun á upplestur í dag og með því er fólk að kynnast bókmenntum og fræðsluefni á nýjan hátt. Þó að rafbækur hafa skipað sér stóran sess og hafi þar af leiðandi leitt af sér fækkun lánþega og heimsóknna á bókasafnið er bókasafnið ávallt opið og velkomið öllum. Á veturna hafa leikskólabörn komið í heimsókn ásamt því að setja upp stöku myndlistasýningar á tyllidögum. Bókasafnið



vill hvetja barnafjölskyldur til þess að koma og skoða sig um og njóta samverustunda. Hægt er að tylla sér í sófann, fá sér kaffisopa og eiga notalega stund saman. Einnig er starfsmaður ávallt til taks ef það vantar aðstoð eða leiðbeiningar.

Boðið er upp á aðstoð við stofnun leshópa og eru þeir e.t.v. leið til gera lesturinn „línulegri“, spjalla um eitthvað sameiginlegt í góðum hópi. Bókasöfn eru einnig upplýsingamiðstöðvar fyrir íbúa hvers sveitarfélags. Hægt er að fá hjálp við leit upplýsinga á netinu, bókum og tímaritum og notkun gagnabanka.

Lestrarfélag Eyrarsveitar var stofnað árið 1923 og er bókasafnið því 100 ára á næsta ári, 2023. Stefnt er að ritun sögu bókasafnsins og ýmsum viðburðum af því tilefni sem verða auglýstir síðar.

Sýningar og menningarverðmæti

Veðurfarslýsingar sr. Jens V. Hjaltalín eru til í þjóðdeild Landsbókasafns og einnig í vörslu Bókasafns Grundarfjarðar. Dagbækurnar, sem eru varðveittar í Grundarfirði, voru skannaðar árið 2021 og í framhaldi af því var rætt við starfsfólk á Landsbókasafni um skönnun þeirra hlutar og er hann nú aðgengilegur á vef safnsins (Lbs. 3638).² Daglegar færslur voru birtar á vef bæjarins og facebook bókasafnsins jólnin 2021 og eru aðgengilegar frá FB síðu bókasafnsins.³

Sýning um sjókonur við Breiðafjörð hefur verið í vinnslu og verður haldin farandsýning sem fer á milli staða á Snæfellsnesi og e.t.v. víðar. Rannsóknir Margaret Willson, prófessors við háskólann í Seattle, á þátttöku kvenna í fiskveiðum á Íslandi síðustu aldir sýna að konur sóttu sjóinn miklu meira en vitað var almennt.

Veðurfarslýsingar frá Jens V. Hjaltalín presta á Setbergi í Eyrarsvet 1882-1919. Á þjóðdeild og vörslu 2021 hefur verið ein dagbókardaga á dag, 1884-1885.



Laugardagur 20. desember. 57. dagar vetrar, 27. dagar Friemánaðar. Sama tími vetrar og daginn fyrir hvern frost, kjörveður og þveg; frost á gróður þessu dag hlévitjað Kvenna, Gróð, Hlévitjað og Kjörveður. Komid heim ásamt þessu á Mánudag kl. 10 o.m. Voru þá Mítur og Þveglir komnir. Vetur Jóns af Þykkvæ og orðinn kafalegleg. Um nóttina eftir brast í einu þá optímennilegustu ántakinnan fjálfæru með ákku þyl og svo hárðu roki, að öllum þótti óþemlefsat. Gjóðri síðan blóta og var um margumánu Kvenna í útsýningu.



Nordisk litteraturuge

14-20/11 2022

Fylgist með á Facebook: [Nordisk litteraturuge](https://www.facebook.com/nordisklitteraturuge)
Instagram: [@nordisk_litteraturuge](https://www.instagram.com/nordisklitteraturuge)

Nordisk litteraturvecka
Natur i Norden
Nordisk litteraturuge
Natur i Norden
Nordisk litteraturuke
Natur i Norden
Pohjoismainen kirjallisuusviikko
Pohjolan luonto

Norren bókmenntavika
Norren náttúra
Nordurlenski bókmenntavika
Náttúran í Norðurlöndum
Nunat Avannarlit atuagaataasa sapaatip-akunnerat
Nunani avannarlerni pinngortitaq
Nordic Literature Week
Nature in the Nordics



Upplýsingamiðstöð Grundarfjarðar í Sögumiðstöðinni

Upplýsingamiðstöðin er staðsett í sömu aðstöðu og bókasafnið og er opin allt árið á opnunartíma bókasafns. Opnunartími breytist á sumrin, en er þá auglýstur á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar og FB síðu upplýsingamiðstöðvar. Ábendingar um áfangastaði, mannlíf og veðurviðvaranir eru birtar á FB síðu upplýsingamiðstöðvarinnar sem er töluvert notuð, einnig af heimafólki.

Talning er haldin yfir heimsóknir og erindi í upplýsinga-



1 <https://grundarfjordur.leitir.is/>

2 <https://beta.handrit.is/manuscript/view/is/Lbs04-3638-b#mode/2up>

3 <https://www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/bokasafn>



miðstöðina og sést m.a. að mikið er spurt um gönguleiðir, kaffihús og markverða staði.

Upplýsingamiðstöðin tók við afgreiðslu bílaleigubíls sem er staðsettur við Sögumiðstöð en er að öðru leyti í umsjón eiganda, Þórðar Magnússonar, sem brást við mikilli eftirspurn eftir bílaleigubílum, leigubílum og reiðhjólum á sumrin þegar bærinn fyllist af farþegum skemmtiferðaskipa.

Bæringsstofa

Í Bæringsstofu eru til sýnis myndavélabúnaður Bærings í skápum og sögu- og myndasýning gengur allt árið auk annara sýninga að vali hverju sinni. Skönnun á filmum frá Bæring Cecilssyni er í fullum gangi og er Olga Sædís Aðalsteinsdóttir komin vel á veg með að skanna um 40 þúsund myndir. Hún sér einnig um Sjöuna á vef bæjarins þar sem birtar eru sjö myndir vikulega.⁴



Varðandi sjöuna þá sjá oft augu betur en auga og því er hægt að senda inn ábendingar um myndirnar, þekki aðilar til. Ábendingar sendist á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is

Ljósmyndasafn Bærings verður opnað í Sarpi, menningar-sögusafni á vefnum á næstunni. Hægt verður að senda inn upplýsingar gegnum vefinn www.sarpur.is. Nánari upplýsingar um verkefnið gefur Sunna Njálisdóttir.

Félagsstarf í Sögumiðstöðinni og víðar í Grundarfirði

Vinahúsið er opið á mánudögum eftir hádegi og þangað er fólk velkomið sem einhverra hluta vegna hefur einangrast í samfélaginu, vegna áfalla, atvinnumissis, aldurs eða annara ástæðna. Aðalmarkmiðið er að búa til stað og stund fyrir þá sem heima sitja, til að hittast og hitta aðra.

Í gegnum tíðina hefur verið boðið upp á jafningjafræðslu, tölvukennslu, farið í ferðalög, rætt um lífið og heilbrigði, heilsuefingu og margt annað sem að höndum ber. Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru Rauða krossdeild

Grundarfjarðar og Grundarfjarðarbær. Umsjónarkona Vinahúss er Steinunn Hansdóttir en hún hefur leitt starfið frá upphafi.

Starfsemi Vinahússins varð 10 ára á tímum heimsfaraldurs og því hefur ekki náðst að halda upp á starfsafmælið. Til stendur að fagna þessum tímamótum og verður það auglýst nánar þegar nær dregur.



Félag eldri borgara hefur aðstöðu í Sögumiðstöðinni fyrir félagsstarf sitt og sinnir annarri afþreyingu félagana, tekur þar á móti gestum sínum sem sækja bæinn heim o.fl. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins er hægt að finna á **facebooksíðu Félags eldri borgara í Grundarfjarðarbæ.**

Handavinna eldri borgara fer fram á þriðjudögum og hefur verið fastur liður í starfi félagsins í áratugi.



⁴ <https://www.grundarfjordur.is/is/frettir-og-tilkynningar/gamlar-myndir-fra-baering>

Heilsuefling 60+ fer fram fjórum sinnum í viku í Íþróttahúsinu en einnig í Líkamsræktinni undir stjórn Rutar Rúnarsdóttur og Ágústu Einarsdóttur. Lagt er upp úr hreyfingu sem hentar öllum og kenndar eru aðferðir til hreyfingar og rætt um hollt lífni. Nánari upplýsingar er hægt að finna á FB síðu Heilsueflingar 60+ eða með því að hafa samband við bæjarskrifstofu Grundarfjarðar í síma 430-8500 milli kl. 10-14.

Molakaffi á miðvikudögum í umsjón Olgu Sædísar Aðalsteinsdóttur er opið hús fyrir eldri borgara og gesti þeirra á vegum Grundarfjarðarbæjar í samstarfi við Félag eldri borgara og Grundarfjarðardeild RKÍ. Sögur, samtöl og boðið upp á heimsóknir gesta, eins og söngnemenda úr tónlistarskólanum. Oft er Sjöa vikunnar tengd við samtalið og myndirnar skoðaðar saman, þar sem rætt er um fyrri tíma og uppbyggingu bæjarfélagsins.



Karлакaffið er eftir hádegi á fimmtudögum og þangað sækja, eðli málsins samkvæmt, hressir karlar sem segja sögur og kryfja málin. Þangað eru allir karlar velkomnir í molasopa og mega taka með sér gesti.



Verkefnið „**Let's come together / Komum saman**“ var stofnað til að styðja við fjölmenningsamfélag í Grundarfirði og býður heimafólki og fólki af erlendum uppruna tækifæri til að kynnst betur. Sjá: <https://www.grundarfjordur.is/is/frettir-og-tilkynningar/komum-saman-lets-come-together>.



**Bókasafn Grundarfjarðar
Grundargötu 35
Sími 438 1881**

Netfang:

bokasafn@grundarfjordur.is.

Vefsíða:

<https://www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/bokasafn>

Bókasafnið:

<https://www.facebook.com/Bokasafngrundarfjardar>

Skólabókasafnið:

<https://www.facebook.com/grundobokasafn>

Félag eldri borgara Grundarfjarðarbæ

<https://www.facebook.com/groups/119480402236513>